

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. september 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 5 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitur hliðrast um 6,6 m til norðurs og stækkar um 1 m til vesturs. Nýtingarhlutfall verður 0,509. Hæðarkóti plötu breytist og verður 28,9 m. Innakstur á lóð verður ekki lengur sameiginlegur með Gjáhelli 3 heldur verður sér innkeyrsla við suður lóðarmörk. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 29. nóvember 2007,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2007